



Reykjavík 24. mars 2021

Berist til forelda / forsjáraðila barna í leik og grunnskólum.

Komið þið sæl

Nú líður senn að páskafríi í grunnskólum og munu eflaust einhver leggja land undir fót og heimsækja ástvini erlendis. Við þær aðstæður er mikilvægt að vera meðvituð um þær aðgerðir sem eru í gildi við landamærin á Íslandi þegar komið er heim á ný. Farþegar þurfa að sýna vottorð um neikvætt PCR próf gegn COVID-19 áður en þeir stíga um borð í flugvél eða skip á leið til Íslands og einnig við komuna. Prófið verður að hafa verið tekið innan við 72 klukkustundum fyrir brottför (á fyrsta legg ferðar). Frekari upplýsingar eru að finna hér: <https://www.covid.is/undirflokkar/ferdalag-til-og-a-islandi>

Farþegar þurfa að fara í tvær sýnatökur til greiningar á COVID-19 eftir komuna til landsins, fyrst á landamærum svo 5 dögum síðar og vera í sóttkví meðan beðið er eftir seinni sýnatöku. Sóttkví líkur með neikvæðri niðurstöðu.

Frá og með 1. apríl næst komandi þurfa öll börn fædd 2005 og síðar fara í sýnatöku á landamærunum. Börn sem ferðast með foreldrum eða forráðamönnum eða einhverjum öðrum sem skylt er að fara í sóttkví fylgja þeim í sóttkví og losna úr henni með seinni sýnatöku samfylgdarfólks. Börn þurfa þó ekki að framvísa neikvæðu PCR prófi við komu.

Það er mikilvægt að fylgja fyrirmælum stjórnvalda til þess að koma í veg fyrir smit í skólum og í samfélaginu. Það hefur mikil áhrif á skólastarf þegar upp koma smit í skólum, eins og við höfum margoft séð. Í kjölfarið þurfa oft mörg börn og fjölskyldur þeirra að fara í sóttkví sem er íþyngjandi aðgerð sem raskar daglegu lífi. Hægt er að minnka líkurnar á slíkum inngripum með því að fara eftir tilmælum sóttvarnalæknis og stjórnvalda og fylgjast vel með öllum breytingum á þeim sem er hægt að nálgast á [covid.is](https://www.covid.is).

Með von um góðar viðtökur og ósk um gleðilega páska.

Virðingarfyllst,

Jón Viðar Matthíasson,  
framkvæmdastjóri almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins.